# Bréf frá Ólafi Lárussyni

Bjarni Benediktsson – Einkabréf – Póstkort – Skeyti – Berlínarárin – 1931 – 1932 – Ólafur Lárusson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður og greinar

Askja 1-6, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

REYKJAVÍK
TJARNARGATA 14

15. júní 1932

Kæri vinur.

Eg þakka yður kærlega fyrir bréfið í vor. Eg hefi altaf verið bréflatur maður og ágerist það heldur með aldrinum, eins og bæði þér og aðrir, sem þeim hafið mátt verða varir við. Þó fyrir löngu hefði eg átt að vera búinn að því að senda yður línu, en nú er sérstakt tilefni til þess svo að loksins verður af því.

Það sem hér fer á eptir er sagt yður í trúnaði en svo er mál með vexti, eins og þér vitið, að Lárus H. Bjarnason fékk lausn frá embætti sínu í hæstarétti í fyrra, og þetta embætti er óveitt enn. Nú verður það vafalaust veitt í sumar eða í haust. Magnús Guðmundsson, sem nú er orðinn dómsmála-

ráðherra, bar fram á þingi í vetur
áskorun til stjórnarinnar um að
veita Lárusi embættið á ný, ef
hann vildi það, en Lárus er nú
kominn til góðrar heilsu. Það
má því telja það víst að Magnús
muni bjóða Lárusi embættið
fyrstum manna. Hvort hann
þiggur það boð er annað mál,
og mér fyrir mitt leyti þykir
það fremur ótrúlegt. Nú hefir
Einar Arnórsson látið á sér skilja,
að hann vildi gjarnan fá þetta
embætti, og að Lárusi frágengn-
um er hann vitanlega sjálfsagð-
ur í það. Þá losnar embætti hans
í lagadeildinni og þá skilst mér
að þér ættuð að standa mjög
nærri því að fá það ef þér vilduð,
sem ég fyrir mitt leyti vildi
óska að þér gjörðuð. Þér standið
nærri þessu bæði vegna þess að
þér hafið haft próf allra laga-

manna hér og ekki síður vegna þess
að þér eruð eini maðurinn, sem
hefir sérstaklega lagt stund á fræði-
grein þá sem Einar kendi. Og
nú kem eg to the point: Ef að
til þessa kemur, – og það getur
e. t. v. orðið strax í næsta mánuði, –
þá væri mjög svo mikilsvert, ef
hér lægi fyrir einhver sýnilegur
vottur um starf yðar og námsárin
að undanförnu. Eg þykist vita
að þér hafið ritgerð í smíðum
og eg vil eindregið ráða yður til
þess að reyna að ljúka henni
sem fljótt og þér getið og senda
þá háskólanum hana, annaðhvort
sem doktorsritgerð eða ef þér
ekki hugsið til þess, þá sem
vott um það hversu þér hafið notað
sáttmálasjóðsstyrkinn. Eg veit
að ritgerð frá yðar hendi mundi
verða góð og veigamikil, og með

þann í höndunum trúi eg ekki öðru en
at deildin mælti með yður til embættisins. Eg get sagt yður þat, at eg fyrir
mitt leyti mun eindregit vera á móti
því at samkeppnispróf fari fram.
Eg álít at þat eigi at vera óþarft, þar
sem eins stendur á og hér, og reynslan
sem af þesskonar prófum hefir fengist hér
er ekki á þá leið at vert sé at nota
þau mikit. Eg hefi alt af álitið at við
ættum at fylgja þeirri reglu at reyna at
sjá út væntanlega eptirmenn kennaranna
og designera þá til þess, og þegar eg
réð yður hér á árunum til at leggja
stund á stjórnlagafræði þá hugsaði
eg mér yður sem eptirmann Einars.

Þetta er nú at vísu alt í óvissu
enn. En eg taldi mér rétt at segja yður
frá þess, sem fyrst, — eg frétti þat
fyrst í fyrradag, — hvat sem uppi á
kann at koma.

Eg orðlengi þetta svo eigi
frekara at sinni, en þætti vænt um
at frétta frá yður eitthvað áður langt
um líður.

Með beztu óskum
yðar einlægur
Ólafur Lárusson